

Garðabær 22. mars 2020

Sent á Gunnar Einarsson bærarstjóra og Guðjón Erling Friðriksson bæjarritara

Erindi: Ársreikningur Garðabæjar 2019. Fyrirspurnir Garðabæjarlistans sem óskað er eftir að fá formleg svör við á mill umræða.

Gert er grein fyrir að lagðar hafi verið fram ábendingar er varðar innra eftirlit. Hverjar eru þær? og sömuleiðis við stjórnsýsluskoðunina ábendingar þar um. Hverjar eru þær?

Svar: Skýrslur sendar út með fundarboði bæjarráðs 20.03.2020.

1a: Hver er uppsöfnuð framkvæmda og viðhaldspörf?

1b: Af hverju er Eignasjóður (bls. 14) með tekjur upp á 410 milljónir en áætlun var upp á 54 milljónir?

1c: Hvað útskýrir þennan gífurlega kostnaðarauka við þjónustumiðstöð (bls. 14) með áætlun upp á tæpar 25 milljónir í kostnað en í raun tæpar 47 milljónir í kostnað.

1d: B hluti Stríkið 3 - áætlaðar tekjur upp á 78 milljónir, sem var áætlun upp á lækkun frá 84 milljónum en raunin varð 103.

Bls. 22 - hér er vísað í tengda aðila og að sveitarfélagið farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga við ákvörðun. Bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar eru skilgreindir sem tengdir aðilar.

Hvers vegna er ekki farið að fordæmi til að mynda Reykjavíkur þar sem til dæmis borgarstjóri og allir staðgengla hans eru skráðir tengdir aðilar auk aðal- og varamanna í borgarstjórn. Þá eru allir fjárhagslega háðir aðilar þessara tengdra aðila (makar, börn og aðrir) skilgreindir sem tengdir aðilar.

Væri ekki ráð að fara fram á að tengdir aðilar verði hér eftir skilgreindir sem bæjarstjóri, staðgenglar hans og allir fjárhagslega háðir aðilar tengdra aðila?

Skýring 5 (bls. 13)

Við óskum eftir því að laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar yrðu brotin betur niður.

Í eftirfarandi þætti:

Laun bæjarstjóra

Föst laun bæjarfulltrúa

Laun fyrir nefndarsetu bæjarfulltrúa og annarra fulltrúa